

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2021

frá 3. mars 2021

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/267 frá 16. febrúar 2021 um sértækar og tímabundnar ráðstafanir með tilliti til langæis COVID-19-hættuástandsins að því er varðar endurnýjun eða framlengingu gildistíma tiltekinna skírteina, leyfa og heimilda og frestun á tilteknu reglubundnu eftirliti og reglubundinni þjálfun á tilteknum sviðum löggjafar um flutninga og framlengingu tiltekinna tímabila sem um getur í reglugerð (ESB) 2020/698 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 4b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/698) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„4c. **32021 R 0267:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/267 frá 16. febrúar 2021 um sértækar og tímabundnar ráðstafanir með tilliti til langæis COVID-19-hættuástandsins að því er varðar endurnýjun eða framlengingu gildistíma tiltekinna skírteina, leyfa og heimilda og frestun á tilteknu reglubundnu eftirliti og reglubundinni þjálfun á tilteknum sviðum löggjafar um flutninga og framlengingu tiltekinna tímabila sem um getur í reglugerð (ESB) 2020/698 (Stjtið. ESB L 60, 22.2.2021, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2021/267, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

¹ Stjtið. ESB L 60, 22.2.2021, bls. 1.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING